

Umhverfisstofnun  
Þórdís Vilhelmlína Bragadóttir,  
sérfræðingur  
Suðurlandsbraut 24  
108 REYKJAVÍK

Garðabær, 12. desember 2016  
2016120002/42-0  
KJ, LÁ, TB  
tb

### Leiðarendi, lokun

Vísað er til bréfs frá Umhverfisstofnun, dags. 5. desember sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um erindi Umhverfis- og framkvæmdaráðs Hafnarfjarðar þar sem farið er fram á það við Umhverfisstofnun að hellinum Leiðarenda verði lokað þar til fyrir liggur áætlun um verndun hellisins og viðunandi þjónustu fyrir þann mikla fjölda gesta sem heimsækir hann.

Starfsmenn Náttúrufræðistofnunar hafa á undanförunum árum komið að Leiðarenda og hefur ástand umhverfis hann sem og hellirinn sjálfur látið nokkuð á sjá. Það er því full ástæða til að takmarka eða loka fyrir umferð um hellinn og umhverfis hellisopið svo koma megi í veg fyrir frekari röskun. Í umfjöllun um Reykjanesfólkvang á heimasíðu Umhverfisstofnunar kemur fram að Leiðarendi sé undir töluverðu álagi vegna slæmrar umgengni. Náttúrufræðistofnun telur ekkert mæla á móti því að loka hellinum tímabundið eða þar til að búið er að bæta aðgengi og skipuleggja hvernig umferð um hellinn og nágrenni hans sé best háttáð með tillit til náttúruverndar.

Virðingarfyllst



Trausti Baldursson  
forstöðumaður vistfræði- og ráðgjafadeildar

